



Minnisblað

Borgarráð

Efni: Erindi Borgarbyggðar varðandi verðmat á Orkuveitu Reykjavíkur

Vísað er til erindis Borgarbyggðar dags. 26. október 2016 varðandi verðmat á Orkuveitu Reykjavíkur þar sem lagt er til „...að eignaraðilar hefji vinnu við verðmat á Orkuveitu Reykjavíkur.“

Túlka ber þetta erindi þannig að sögn sveitarstjóra að verkefnið felist í því að eigendur rýni fyrirbyggjandi verðmat á félaginu og skipi rýnihóp til verksins eins og gert var þegar aðgerðaáætlun félagsins var rýnd 2011, tillögur að uppskiptingu Orkuveitu Reykjavíkur voru rýndar 2013 og tillögur að arðgreiðsluskilyrðum voru rýndar 2015.

Fyrir liggur verðmat á félaginu í formi bókfærðs eigin fjár skv. ársreikningi 2015 og árshlutareikningi jan-jún 2016 og óformlegt verðmat á grunni sjóðstreymisgreiningar en þessar aðferðir teljast hefðbundnar þegar um er að ræða félag af þeirri stærð og gerð sem hér um ræðir.

Mælt er með að orðið verði við þessari ósk Borgarbyggðar.

*Birgir Björn Sigurjónsson,
fjármálastjóri*



Málsnr.: 216030106
Skjalasafn Ráðhúss
28. okt. 2016
Bréfalykill: 5214-0

Reykjavíkurborg

Tjarnargata 11
101 Reykjavík

Borgarnesi, 26.10.2016
Málsnúmer: 1610078


Efni: Verðmat á Orkuveitu Reykjavíkur

Á fundi byggðarráðs Borgarbyggðar sem haldinn var þann 20. október sl. var rætt um eignarhlut Borgarbyggðar í Orkuveitu Reykjavíkur og að rétt sé að fá formlegt verðmat á hlut Borgarbyggðar í fyrirtækinu.

Byggðaráð Borgarbyggðar samþykkti eftirfarandi:

„Byggðarráð samþykkir að leggja til fyrir sitt leiti að eignaraðilar hefji vinnu við verðmat á Orkuveitu Reykjavíkur. Sveitarstjóra falið að kynna afgreiðslu byggðarráðs fyrir meðeigendum.“

Fyrirgreindri samþykkt byggðarráðs Borgarbyggðar er hér með komið á framfæri.


Gunnlaugur A. Jónsson
Fjárfingaryfirlst. / FÁRSTJÓRN
BORGARBYGGÐ

Samrit:

Birgir Björn Sigurjónsson fjármálastjóri Reykjavíkurborgar Borgartún 12-14, 108 Reykjavík
Bjarni Bjarnason forstjóri Orkuveitu Reykjavíkur Bæjarhálsi 1, 110 Reykjavík